

174. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 25. júní 2009, kl. 9:00. á Austurvegi 56.

Örn Þórðarson, Jón Hjartarson, Ólafur Áki Ragnarsson í síma og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Starfshópur um framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi.

Farið var yfir minnispunkta frá fyrsta fundi starfshópsins sem haldinn var 19 júní. Stjórn samþykkir að auglýsa eftir landi undir nýjan urðunarstað og láta í framhaldi gera samanburð á framkomnum staðsetningum. Framkvæmdarstjóra falið að gera verklýsingu, verðkönnun og að hefja verkið. Kostnaði vegna þessa verkefnis er vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.

2. Bréf Umhverfisstofnunar.

Bréf umhverfisstofnunar frá 16. júní lagt fram til kynningar.

3. Önnur mál.

Framkvæmdarstjóri upplýsti að undirbúningur að kynningarmálum væri hafinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:55